

SAMANTEKT UM STEFNUMÓTUN

RAUNFÆRNIMAT
á Norðurlöndum
– Frá stefnu til
framkvæmdar



Nordic Network for
Adult Learning

„Sérfræðinganeitið um raunfærnimat hefur verið virkt allt frá árinu 2005“

NORRÆNAR ÁSKORANIR Í RAUNFÆRNIMATI

- 1 Leggja áherslu á stefnumótun á sviði raunfærnimats
- 2 Samræma skipulag raunfærnimats í hverju landi
- 3 Tengja raunfærnimat við EQF/NQF/ECVET
- 4 Greina markhópa fyrir raunfærnimat með betri tölfræði
- 5 Afla gagna um fjárfestingar, áhrif og sjálfbærni
- 6 Þróa verklag fyrir sérstaka markhópa
- 7 Auka vitund um raunfærnimat
- 8 Efla náms- og starfsráðgjöf í raunfærnimati
- 9 Þjálfa hæfni sérfræðinga á sviði raunfærnimats
- 10 Þróa aðferðarfræði raunfærnimats
- 11 Efla samspil atvinnulífs og menntunar
- 12 Efla samspil þriðja geirans og menntunar/vinnustaða
- 13 Koma á samspili í háskólageiranum
- 14 Kanna áhrif raunfærnimats á kennslufræði
- 15 Breyta viðhorfum gagnvart raunfærnimati

INNGANGUR

Samantekt Norræna tengslanetsins fyrir nám fullorðinna (NVL) er gerð til að vekja athygli á árangri sem mat á raunfærni á Norðurlöndum hefur skilað og undirstrika nauðsynlegar aðgerðir til þess að hægt verði að hrinda tilmælum ráðherraráðs Evrópusambandsins í framkvæmd. Í tilmælunum er því beint til aðildarríkjanna að þau hafi komið á laggirnar heildstæðu, hágæða kerfi fyrir mat á raunfærni fyrir árið 2018.

Sérfræðinganeiti NVL um raunfærnimat hefur skapað þekkingargrunninn sem liggur til grundvallar samantektinni. Í sérfræðinganeiti NVL sitja fulltrúar lykilstofnana sem koma að þróun stefnumótunar og framkvæmd raunfærnimats á Norðurlöndunum auk Grænlands, Færeyja og Álandseyja. Sérfræðinganeitið hefur verið virkt allt frá árinu 2005 þegar Norræna ráðherranefndin ákvað að raunfærnimat¹ (RFM) nyti forgangs í norrænu samstarfi um nám fullorðinna.

BAKGRUNNUR

Raunfærnimat er mikilvægur þáttur í hagkerfum norrænu ríkjanna, sveigjanleika vinnuafslins, aðgengi einstaklinga að frekari þjálfun og nýjum tækifærum, því er brýnt að Norðurlöndin séu í fararbroddi þegar kemur að mati á þróun aðferða og stefnumótunar.

Árið 2005 voru raunfærnimatskerfi Norðurlandanna, í Færeyjum, á Álandseyjum og Grænlandi á ólíkum stigum þróunar. Í Finnlandi og Noregi voru þegar til ferli og lög fyrir raunfærnimat en í Svíþjóð var lögð áhersla á mat á raunfærni á móti hæfniviðmiðum á vinnumarkaði. Á Íslandi var vinna við þróun kerfis fyrir raunfærnimat hafin og í Danmörku hafði verið knúin fram fyrsta löggjöf um raunfærnimat. Í Færeyjum og á Grænlandi og Álandseyjum var raunfærnimat nánast óþekkt.

Árið 2008 hófst sérfræðinganeitið handa við ritun greinagerðarinnar *Áskoranir í raunfærnimati á Norðurlöndunum* með lýsingu á 15 lykiltríðum sem þjóðirnar þurfa að takast á við. Skjalið hefur verið leiðarvísir fyrir starf sérfræðinganeitsins. Síðan hafa verið þróuð ýmis verkfæri fyrir framkvæmdaaðila og stjórnvöld til að bregðast við þörfum á Norðurlöndunum. Síðast en ekki síst ber að nefna tengslin við evrópska stefnumótun og leiðbeiningar, einkum tilmæli ráðherraráðsins frá 2012.

¹ Raunfærnimat eða RFM á íslensku, vísar til enska hugtaksins VPL: Validation of Prior Learning

Að vekja athygli á norrænu starfi á sviði raunfærnimats
Sérfræðinganetið er í samstarfi við framkvæmdastjórn ESB, Evrópsku samtökin um nám fullorðinna (EAEA), UNESCO-stofnunina um ævimenntun og EPALE

VITUNDARVAKNING Í FYRIRRÚMI

Vitundarvakning hefur verið eitt megin viðfangsefni sérfræðinganetsins. Á undanförunum árum hafa verið haldnar ótal norrænar og landsbundnar ráðstefnur um raunfærnimat. Aðalumsfjöllunar-efni þeirra hafa verið meginþættir raunfærnimats sem hafa haft áþreifanleg áhrif á þróun raunfærnimats á Norðurlöndunum. Til dæmis hefur lögum um raunfærnimat og ævilanga náms- og starfsráðgjöf verið komið á í Færeyjum. Fulltrúar Færeyja í sérfræðinganeti NVL hafa sagt að yfirgripsmikil þekking netsins hafi haft afgerandi áhrif á þróunarferlið í Færeyjum. Í Svíþjóð hafa MOOC námskeið á sviði raunfærnimats verið þróuð. Í Finnlandi hafa gæðaviðmiðin sem sérfræðinganetið þróaði verið tekin í notkun við þjálfun

sérfræðinga á sviði raunfærnimats. Í Danmörku hefur verið komið á fót vinnuhópi um raunfærnimat (á ráðuneytisstigi, í honum sitja meðal annars fulltrúar aðila atvinnulífsins og menntageirans). Á Íslandi nýtir menntamálaráðuneytið Vegvísi 2018 til viðmiðunar í þróunarstarfinu.

Sérfræðinganetið hefur öðlast sess sem áreiðanlegur samstarfsaðili framkvæmdastjórnar ESB, EAEA og UNESCO-stofnunarinnar um ævimenntun er varðar samstarf og miðlun þekkingar og reynslu. Nokkrar alþjóðlegar ráðstefnur um raunfærnimat hafa verið haldnar í samstarfi við sérfræðinganetið.

Sérfræðinganetið hefur þróað nokkur verkfæri er varða gæði í raunfærnimati, hæfniviðmið fyrir þá sem koma að framkvæmd

raunfærnimats, rafræn verkfæri sem notuð eru við raunfærnimat, leiðbeiningar um náms- og starfsráðgjöf í raunfærnimati auk nokkurra rannsóknaritgerða um raunfærnimat. Þá var gerð sérstök heimasíða fyrir framkvæmdaaðila raunfærnimats, auk verkfærisins *Vegvísir 2018* – til að vakta og veita endurgjöf um þróun á Norðurlöndunum í tengslum við tilmæli ráðherraráðsins. Þessi verkfæri hafa verið kynnt á ráðstefnum og námsstefnum í löndunum, sem og á norrænum og á evrópskum vettvangi. Jafnframt er sérfræðinganetið í nánú samstarfi við rafrænan vettvang Evrópuráðsins fyrir nám fullorðinna í Evrópu – EPALE. Þróunarverkefnum sérfræðinganetsins er miðlað um alla Evrópu í gegnum EPALE.

ÁHRIF Á STEFNUMÓTUN Á EVRÓPSKUM VETTVANGI

Á undanförunum árum hefur sérfræðinganetið um raunfærnimat haft tækifæri til að hafa áhrif á stefnumótun í Evrópu. Netið gerði athugasemdir við evrópskar leið-

beiningar um mat á formlausu og óformlegu námi með vísun í norræn gildi, svo sem mikilvægi náms- og starfsráðgjafar, færniþjálfunar þeirra sem að matinu koma og að gengið sé út frá þörfum einstaklingsins í matsferlinu. Athugasemdunum var vel tekið og þær kynntar í evrópsku leiðbeiningunum.

Nokkrir meðlimir sérfræðinganetsins hafa skrifað uppfærslu á stöðu landa sinna í evrópska yfirlitið (en. European Inventory), um mat á formlausu og óformlegu námi sem CEDEFOP og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafa birt opinberlega. Yfirlitsskýrslan inniheldur dæmi um góða starfshætti í löndunum og á þau er lögð áhersla í þemaskýrslum sem eiga rætur að rekja

í yfirlitsskýrslurnar. Framkvæmd raunfærnimats á Norðurlöndunum hefur verið mjög áberandi og gætir áhrifa hennar á stefnumótun í samræmi við það.

Meðal mikilvægustu alþjóðlegra viðburða á sviði raunfærnimats í Evrópu er Raunfærnimats tvíæringurinn. Hann var fyrst haldinn í Hollandi, annar í röðinni var í Danmörku og næsti viðburður verður í Berlín í Þýskalandi í maí 2019.

Sérfræðinganetið hefur tekið virkan þátt í öllum ráðstefnunum, bæði við skipulagningu, miðlun sérþekkingar og gerð efnis. Verkfæri sem þróuð hafa verið af netinu hafa verið kynnt á ráðstefnunum og hafa á þann hátt náð til stórs hóps fólks.

Stuðningur við stefnumótun og norræn gildi

- Evrópskar leiðbeiningar um mat á formlausu og óformlegu námi
- Evrópskt yfirlit ummat á formlausu og óformlegu námi
- Tvíæringar um raunfærnimat

TILLÖGUR

Norrænt samstarf á sviði fullorðinsfræðslu og raunfærnimats er einstakt fyrirbæri og í því felast ótal tækifæri. Til að ná sem bestum árangri þarf nánara samstarf milli norræna sérfræðingansins og fræðsluyfirvalda sem og stjórnvalda í hverju Norðurlandanna.

Á Norðurlöndum hefur verið lögð áhersla á miðlægt hlutverk einstaklingsins í raunfærnimatsferlinu. Til þess að einstaklingurinn geri sér fulla grein fyrir og nýti sér raunfærnimatskerfið til fullnustu þurfa stjórnvöld að tryggja að þörfum mismunandi markhópa sé mætt á viðeigandi hátt.

Þróa þarf áfram líkan fyrir eftirfylgni og betri samhæfingu.

Vinnustaðir ættu að vera betur tengdir við raunfærnimat og ævimenntun í tengslum við hæfniaætlanir og gæðatryggingu.

Norðurlöndin ættu að sameinast um aðgerðir til að efla færniþjálfun sérfræðinga sem koma að raunfærnimati til þess að viðhalda og efla gæði matsins.

Vegna þess að raunfærnimat vegur stöðugt þyngra í evrópski stefnumótun ætti að tryggja að tillit verði tekið til norrænna sjónarmiða og gilda í stefnumótunarferlinu í Evrópu. Styrkja þarf tengsl milli raunfærnimats og hæfniviðmiða landanna um menntun, einkum varðandi óformlegt nám. Norðurlöndin gætu gegnt mikilvægu hlutverki í að ryðja brautina í því ferli.

NÆSTU SKREF Á NORÐURLÖNDUM

- Kerfisbundinn stuðningur við norræn sjónarmið um raunfærnimat í Evrópu
- Nánara samstarf milli NVL og stjórnvalda í hverju landi
- Aukin tengsl milli hæfniramma hvers lands um menntun og óformlegs náms
- Bætt eftirfylgni og samhæfing raunfærnimats
- Aukin tengsl við atvinnulífið varðandi gerð hæfniaætlana og gæðatryggingar
- Bætt hæfniþjálfun framkvæmdaðila raunfærnimats



Tímalína útgáfu

- 2008 — [Validation in the Nordic Countries – Policy and Practice](#)
- 2009 — [E-tools for Validation](#)
- 2010 — [Áskoranir í raunfærnimati á Norðurlöndum](#)
- 2012 — [Quality in Validation in the Nordic Countries](#)
- [Nordic Validation Research and Cases from Practice](#)
- 2013 — [Gæðalíkan fyrir raunfærnimat á Norðurlöndum](#)
- 2015 — [Nordic competence profiles for validation staff](#)
- [Guidance in Validation](#)
- 2016 — [Mat á raunfærni og gildi færninnar Vegvísir 2018](#)
- [Folkbildning, key competences and validation](#)
- [ValiGuide – A Practitioners Guide to Validation](#)
- 2018 — [Quality in Validation – research report](#)